

18. fundur Breiðafjarðarnefndar haldinn miðvikudaginn 8. desember 1999 kl. 10:00 að Vonarstræti 4, Reykjavík.

Mættir: Friðjón Þórðarson, Árni Björnsson, Jóhannes Gíslason, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Rúnar Gíslason, Sigurður Þórólfsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Sigríður Stefánsdóttir. Sigmundur Einarsson boðaði forföll.

1. Fundargerð 17. fundar.

FÞ setti fundinn.

Fundargerð 17. fundar lesin upp og samþykkt með smávægilegum breytingum.

2. Bréf Þóknunarnefndar.

FÞ greindi frá fyrirhugaðri afgreiðslu þóknunarnefndar á nefndarlaunum ársins 1998 og hluta 1999 fyrir ármót.

3. Innkomnar umsagnir og athugasemdir við verndaráætlunina.

ÞH gerði grein fyrir efnistöku og afgreiðslu þeirra innsendu umsagna sem borist höfðu nefndinni á síðasta fundi.

GÞ fór yfir innkomnar umsagnir sveitarfélaganna og aðrar athugasemdir með nefndarmönnum.

Eftirtaldar umsagnir hafa borist nefndinni frá síðasta fundi:

Sveitarstjórn Grundarfjarðar, Stykkishólmsbær, Snæfellsbær.

Nefndarmenn sammála um að senda umsagnaraðilum verndaráætlunar Breiðafjarðar bréf þar sem tilgeint verði að umsagnir þeirra verði settar sem fylgiskjöl með áætluninni. Einnig að umsagnaraðilum verði greint frá því að verndaráætlunin sé plagg sem sífellt verði unnið með og endurnýjað. Í texta verndaráætlunarinnar er gert ráð fyrir endurskoðun hennar á fimm ára fresti.

5. Önnur mál

***Bréf Eyjaferða dags. 17.11.1999.**

FÞ las upp svarbréf Eyjaferða.

Drög að bréfi um friðlýsingu í Flatey lagt fram -*uppkast þetta barst inn á fundinn frá SE.

Afgreiðsla: Málinu frestað.

Umboð nefndarmanna til setu í nefndinni rennur út 22. desember nk.

FÞ þakkaði mönnum samstarfið og einkum GÞ fyrir sitt merka framlag við vinnslu verndaráætlunar og óskaði nefndarmönnum öllum gleðilegra jóla.

Fundi slitið kl 15:30.